

í umrætt sinn, reducerandi efni, sem samsvara 0.82% af alkóhóli.

Til að sleppa við málssókn út af brotinu samþykkir hann að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs og að verða sviptur öku-
leyfi í 4 mánuði frá deginum í dag að telja samkvæmt 81. gr.
umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Framangreint brot varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 4.
og 5. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24.,
sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954.

Sektin greiðist strax, en ella sæti kærði í hennar stað varð-
haldi í 6 daga.

Málskostnaður, kr. 650.00, greiðist s. t.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71.
gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður, sbr. 112. gr. laga nr. 82/
1961 og 1. gr. laga nr. 29/1966.

Mánudaginn 19. febrúar 1968.

Nr. 222/1966. **Hörður Hjörleifsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Veitingahúsinu Nausti h/f

(Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 20. október 1966, krefst þess, að stefnda verði dæmt
að greiða honum kr. 23.780.00 ásamt 10% ársvöxtum frá
3. október 1960 til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá
þeim degi til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði og
fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-
kostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta úrlausn hans, að því er varðar vinnustundir áfrýjanda og vinnulaun, kr. 20.639.07. Orlofsfé, kr. 1.238.34, er í héraðsdómi ofreiknað um kr. 9.30, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 16/1943, en þar sem dóminum hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður honum að þessu leyti eigi haggð. Eftir gögnum málsins og málflutningi hér fyrir dómi hefur stefndi greitt áfrýjanda alls kr. 10.011.00. Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kr. 11.866.41 ásamt vöxtum lögum samkvæmt, eins og í dómsorði segir.

Eftir málavöxtum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði áfrýjanda, Herði Hjörleifssyni, kr. 11.866.41 ásamt 9% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júlí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Hörður Hjörleifsson, nú til heimilis að Njálsgötu 69, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. maí 1961, gegn Veitingahúsinu Nausti h/f til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 22.595.73 með 10% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins. Í þinghaldi 17. febrúar 1966 hækkaði stefnandi kröfufjárhæðina í kr. 23.780.00.

Dómkröfur stefnda eru nú þær, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að í maímánuði 1960 réðst stefnandi til stefnda við nám í matreiðslu og vann þar samfleytt til 3. október sama ár. Á þessu tímabili kveðst stefnandi hafa óskað þess margsinnis, að gerður yrði námssamningur, en af því varð eigi. Stefn-

andi kveðst á þessu tímabili hafa unnið hjá stefnda 1008 klukkustundir í dagvinnu, 327 klukkustundir í eftirvinnu og 15 í næturvinnu. Stefnandi kveðst einungis hafa fengið greitt nemakaup fyrir vinnu sína, en telur sig eiga rétt til þess að fá vinnu sína greidda með kaupi samkvæmt launataxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þar eð stefndi hafi ekki efnt þá skyldu að gera námssamning, enda hafi enginn matreiðslumeistari verið í Veitingahúsinu Nausti á þessu tímabili. Á framangreindu tímabili kveður stefnandi taxta Dagsbrúnar hafa verið sem hér segir:

Dagvinnukaup	kr. 20.67	fyrir hverja klukkustund
Eftirvinnukaup .. —	31.01	— — —
Næturvinnukaup .. —	41.34	— — —
Kröfu sína sundurliðar stefnandi nú þannig:		
1. Dagvinnutímar 1008 á kr. 20.67	kr. 20.835.36	
2. Eftirvinnutímar 327 á kr. 31.01	— 10.140.27	
3. Næturvinnutímar 15 á kr. 41.34	— 620.10	
	Samtals kr. 31.595.73	
4. Orlofsfé	— 1.674.27	
Kaupkrafa og orlofskrafa samtals	kr. 33.270.00	
Greitt af stefnda	— 9.490.00	
Kemur bá út fjárfkra stefnanda	kr. 23.780.00	

Stefnandi, sem er fæddur 3. apríl 1937, kom fyrst fyrir dóm 30. október 1961, og var þá meðal annars bókað: „... Mætti segir, að vinna hans hjá stefnda hafi verið vaktavinna. Hafi vinnutíminn ýmist verið frá klukkan 0900 til klukkan 1500 eða frá klukkan 0900 til 1700, ellegar frá klukkan 1400 til 2330. Kveðst mætti sjálfur hafa reiknað út þann tímafjölda, sem hann telur sig hafa unnið í dagvinnu svo og eftirvinnu og næturvinnu, sem mætti kveðst hafa skráð hjá sér sérstaklega, og sé þar um að ræða vinnustundir, sem hann hafi unnið umfram 8 tíma á dag. Mætti er spurður nánar út í það, hvernig eftirvinnutímar hans og næturvinnutímar séu fundnir. Kveðst hann ekki geta nú útlistað það nákvæmlega, en kveðst munu athuga minnisbækur sínar og gefa réttinum þá upplýsingar um það. Mætta er kynnt greinargerð stefnda. Mætti mótmælir þeim staðhæfingum, sem fram koma í greinargerðinni um óreglu og óstundvísi, og kveðst

ávallt hafa mætt á réttum tíma til vinnu sinnar. Hann neitar því að hafa nokkurn tíma komið ölvaður til vinnu. Mætti kveðst nokkrum sinnum hafa farið fram á það við framkvæmdastjóra stefnda, Halldór Gröndal, að samningur yrði gerður, en af því hafi ekki orðið. ... Aðspurður segir mætti, að Halldór Gröndal hafi aldrei borið fram við mætta kvartanir út af vinnu hans. Mætti segir, að yfirmenn hans, Ib Wessmann og Einar Friðfinnsson, hafi ekki kvartað neitt við mætta vegna óstundvísí eða óreglu við vinnuna. Mætti kveðst stundum hafa verið einn í eldhúsinu og matreitt handa gestum á sitt eindæmi, án þess að nokkrar kvartanir bærust. Mætti segir, að hann hafi verið einn í eldhúsinu frá klukkan 1400—1900, þegar hann var á kvöldvaktinni, og á morgunvaktinni frá klukkan 0900 til 1030 og frá klukkan 1400 til 1700“. Í þinghaldi 2. nóvember 1961 skýrði stefnandi svo frá, að Halldór Gröndal framkvæmdastjóri hefði tjáð honum (stefnanda), að hann skyldi mæta klukkan 0900 til vinnunnar, en ætti að öðru leyti að hafa samráð við matsveinana, hvenær hann ætti að mæta, þegar breytingar yrðu á vinnutíma. Þá minnti stefnanda, að hann hefði unnið á dagvakt í um það bil 3 vikur, fyrst eftir að hann kom. Þann tíma kvaðst stefnandi hafa byrjað vinnu klukkan 0900. Þá skýrði stefnandi og svo frá, að Einar Friðfinnsson matsveinn hefði sagt stefnanda, að nægjanlegt væri fyrir stefnanda að koma til vinnu klukkan 0900 á morgnana, nema þegar eitthvað sérstakt væri um að ræða. Þá mundu matsveinarnir láta stefnanda um það vita, sem þeir gerðu. Stefnandi segir, að Ib Wessmann hafi aldrei gefið honum fyrirmæli um, að hann ætti að mæta klukkan 0830 til vinnunnar. Stefnandi kveðst hafa neytt vins á því tímabili, sem hann vann hjá stefnda, þó aldrei í vinnutímanum. Komið hafi fyrir, að hann væri „tímbraður“ á morgunvaktinni, en hann kveðst hafa leyst störf sín af hendi engu að síður. Þann 17. febrúar 1966 lagði lögmaður stefnanda fram lista yfir „vinnustundir í Nausti h/f frá 15/5—3/10 1960, sundurliðað í vikur“. Þann 9. marz 1966 kom stefnandi aftur fyrir dóm. Var stefnanda þá sýndur listinn og kvaðst hann hafa skrifað hann samkvæmt ábendingu frá dómaranum í þinghaldi 30. október 1961. Hann kvaðst hins vegar ekki muna, hvenær hann skrifaði listann né hvenær hann afhenti lögmanni sínum listann. Listann kveðst stefnandi hafa skrifað upp úr minnisbók, en kvaðst ekki eiga þá minnisbók lengur. Um afdrif bókarinnar skýrði stefnandi svo frá, að sumarið áður hefði hann í sambandi við flutninga safnað saman ýmsu

dóti, sem hann taldi sig ekki hafa not af, og farið með það vestur á gömlu öskuhaugana. Taldi stefnandi mjög líklegt, að bókin og fleiri minnisbækur, sem hann kvaðst hafa átt, hafi verið þar með, en hann kvaðst hafa kveikt í dótinu.

Samkvæmt vinnulistanum, sem lagður var fram 17. febrúar 1966, sundurliðar stefnandi vinnustundir sínar í vikum þannig:

15. 5. til 21. 5. 1960	48 klst. dagv.	16 klst. eftirv.		
22. 5. — 28. 5. —	48 — —	16 — —		
29. 5. — 4. 6. —	56 — —	16½ — —	4	st. nætv.
5. 6. — 11. 6. —	48 — —	16 — —		
12. 6. — 18. 6. —	56 — —	16½ — —	4	- —
19. 6. — 25. 6. —	48 — —	17 — —		
26. 6. — 2. 7. —	48 — —	16½ — —		
3. 7. — 9. 7. —	56 — —	16 — —	1	- —
10. 7. — 16. 7. —	48 — —	17 — —		
17. 7. — 23. 7. —	48 — —	16½ — —		
24. 7. — 30. 7. —	48 — —	17 — —		
31. 7. — 6. 8. —	56 — —	16 — —	4½	- —
7. 8. — 13. 8. —	48 — —	16 — —		
14. 8. — 20. 8. —	48 — —	16 — —		
21. 8. — 27. 8. —	56 — —	16 — —	1½	- —
28. 8. — 3. 9. —	48 — —	16½ — —		
4. 9. — 11. 9. —	48 — —	16 — —		
11. 9. — 17. 9. —	48 — —	16 — —		
18. 9. — 24. 9. —	48 — —	16 — —		
25. 9. — 3. 10. —	56 — —	17 — —		
	1008 — —	327		15 klst.

Halldór Gröndal framkvæmdastjóri hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi ráðið stefnanda til reynslu í matreiðslu og hafi stefnandi átt að inna vinnu sína af hendi á vöktum. Ekki kveðst hann muna, hvort hann tjáði stefnanda, hvenær vaktir hæfust né hvenær þeim lyki. Þá kvaðst framkvæmdastjórinn oft hafa kvartað við stefnanda út af því, hve stefnandi mætti illa til vinnunnar, en fjarvistir stefnanda hafi þó ekki verið skráðar sérstaklega. Þá skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að yfirmatsveinninn, Ib Wessmann, hefði haft eftirlit með vinnu í eldhúsi og skráð vinnustundir starfsfólksins, þar á meðal stefnanda. Hafi yfirmatsveinninn í lok hvers mánaðar afhent skrár yfir vinnu-

stundafjöldann. Þá segir framkvæmdastjórinn, að enginn sérstakur samningur hafi verið gerður um það við stefnanda, hvaða laun hann skyldi fá, ef hann hætti á reynslutímanum, enda hafi ekkert verið um það rætt. Stefnandi hafi haft fullt fæði og frían þvott á vinnufötum, þ. e. jökkum, buxum, höttum og svuntum.

Vitnið Ib Wessmann kom fyrst fyrir dóm 1. nóvember 1961 og skýrði svo frá, að það hefði verið yfirmatsveinn í veitingahúsinu á þeim tíma, sem stefnandi starfaði þar. Ekki var vitnið meistari í iðninni, og það kvað engan matreiðslumeistara hafa starfað þar á þessum tíma. Vitnið segir, að það hafi sem yfirmatsveinn átt að sjá um verkstjórn í eldhúsi og halda skrá um vinnustundir starfsfólksins. Kveðst vitnið hafa skráð í sérstaka bók yfirvinnu stefnanda, þ. e. þær vinnustundir, sem stefnandi vann umfram dagvinnu. Ef stefnandi vann ekki annað en hina reglulegu dagvinnu, þá kveðst vitnið ekki hafa skráð neitt í bókina og heldur ekki, þegar stefnandi mætti of seint í vinnu. Í lok hvers mánaðar kveðst vitnið hafa afhent skrifstofu stefnda yfirlit yfir yfirvinnu stefnanda, ef um hana var að ræða, annað hvort með því að sýna bókina, sem það skrifaði yfirvinnustundirnar í, eða afhenda lausan miða með vinnustundunum á, en bókina hafi vitnið jafnan tekið aftur. Vitnið segir, að bæði móðir og faðir stefnanda hafi hringt til vitnisins hvort í sínu lagi og farið þess á leit við vitnið, eftir að þau höfðu rætt um störf stefnanda, að vitnið gerði sitt til þess, að stefnandi fengi að vera áfram á veitingahúsinu við nám. Telur vitnið, að foreldrar stefnanda hafi þá verið búnir að fréttu, að stefnandi væri ekki of fastur í sessi hjá veitingahúsinu. Kveðst vitnið hafa svarað þessum tilmælum með því að lofa að tala við Halldór Gröndal og fá hann til að gefa stefnanda tækifæri til þess að bæta ráð sitt. Það gerði svo vitnið. Vitnið minnir, að fyrrgreind samtöl hafi átt sér stað, rétt fyrir eða rétt eftir að þriggja mánaða reynslutímanum lauk, en getur ekki um það fullyrt. Vegna þessara tilmæla foreldranna hafi stefnandi verið lengur við störf í veitingahúsinu en ella hefði orðið. Halldór Gröndal hafi oft verið búinn að minnast á það við vitnið síðari hluta reynslutímans, að það yrði að láta stefnanda hætta, þar sem hann uppfyllti ekki þær kröfur, sem gera þyrfti til hans. Kveðst vitnið af þessu oft hafa rætt um þetta við stefnanda með þeim tilmælum, að hann reyndi að bæta sig. Stefnandi hafi jafnan lofað að bæta ráð sitt, en alltaf hafi sótt í sama horfið aftur.

Í vottorði vitnisins Ibs Wessmanns, dagsettu 16. febrúar 1966,

segir m. a.: „Unnið var á morgunvakt annan daginn, og sú vakt var 6 stundir. Hinn daginn var unnið á kvöldvakt, og var hún 9 stundir. Samkvæmt samningi var vinnutíminn 8 stundir á dag, en 1 tími umfram þann fjölda á kvöldvaktinni var látinn koma á móti 2 tímum, sem á vantaði á morgunvaktinni. Frídagur var einn í viku hverri, og er svo enn, en auk þess voru sérstakir frídagar, hvítasunnudagur, sem var 5. júní 1960, og 17. júní að sumrinu auk annarra frídaga á öðrum árstímum“.

Vitnið Ib Wessmann kom aftur fyrir dóm 9. marz 1966. Skýrði það þá m. a. svo frá, að yfirvinna, væri hún unnin, hafi verið gerð upp mánaðarlega. Kveðst vitnið hafa gefið upp yfirvinnuna, en kvaðst þá ekki muna neitt um eftirvinnu stefnanda. Vitnið kvað morgunvaktina hafa staðið frá kl. 0830 til 1430, en í framkvæmd hafi vaktaskiptin farið fram kl. 1400, en seinni vaktin hafi staðið frá kl. 1400 til 2300. Vitnið kvað engar dagvaktir hafa verið á árinu 1960, en kvaðst þó ekki muna, hvenær þær voru teknar upp. Ekki kvaðst vitnið muna, hvenær stefnandi hóf störf í veitingahúsinu. Vitninu var sýndur vinnustundalistinn, sem lögmaður stefnanda lagði fram 17. febrúar 1966. Fannst vitninu yfirvinnutímarnir, sem þar voru greindir, ekki geta stemmt, vegna þess að annan daginn hafi vaktin verið 6 stundir, en hinn daginn 9 stundir. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að stefnandi kvartaði nokkurn tíma um yfirvinnu við það. Þá kvað vitnið stefnanda aldrei hafa sýnt því yfirvinnulista. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að það hefði beðið stefnanda að vinna á öðrum tíma en hinum reglulegu vöktum.

Vitnið Guðmundur Kristinsson, skrifstofustjóri stefnda, kom fyrir dóm 1. nóvember 1961. Var þá meðal annars bókað af framburði vitnisins:

„Vitnið kveðst oft hafa orðið þess vart, að stefnandi var ekki mættur á morgnana klukkan 0900, þegar vitnið mætti til vinnu sinnar, en ekki kveðst vitnið nú muna nákvæmlega um slíkar fjarvistir stefnanda né hve oft það var. Vitninu virtist stefnandi yfirleitt alltaf illa fyrirkallaður, þegar hann mætti til vinnu sinnar. Kveðst vitnið oft hafa talið, að stefnandi væri þá „timbraður“. Vitnið kveðst ekki hafa dregið af launum stefnanda, þótt hann hafi mætt einum til tveim tímum of seint á morgnana. Vitnið kveðst hafa útbúið launaseðil fyrir starfsfólkið í lok hvers mánaðar og á launaseðilinn hafi verið skráð fastakaup starfsfólksins svo og eftirvinna og næturvinna, ef um það var að ræða. Vitnið

segir, að launaseðlar þessir muni vera til í bókhaldinu. Eftir- og næturvinnutímana kveðst vitnið hafa skráð á launaseðlana eftir upplýsingum frá yfirmatsveininum, sem hafi komið með eftirvinnutímana skráða á sérstöku blaði. Vitninu er sýndur reikningurinn á dskj. nr. 2. Kveðst vitnið ekki geta sagt um, hvort vinnustundir stefnanda séu þar rétt tilfærðar, en telur þó, að eftirvinnustundir stefnanda séu þar fleiri en skráðar séu í bókhaldinu“.

Vitnið Guðmundur Einar Friðfinnsson gaf skýrslu fyrir dómi 2. nóvember 1961. Hefur vitnið skýrt svo frá, að það hafi verið matsveinn hjá stefnda á þeim tíma, sem stefnandi var þar. Hafi vinnutíminn verið vaktavinna. Morgunvaktin hafi verið frá klukkan 0830 til 1430, en síðdegisvaktin frá klukkan 1400 til 2300. Kveðst vitnið jafnan hafa hætt störfum klukkan 2300 á síðdegisvaktinni og þá farið heim. Vitnið segir, að stefnandi hafi fyrsta mánuðinn unnið á svokallaðri dagvakt, sem hafi staðið frá klukkan 0900 til klukkan 1700. Vitnið kveðst ekki hafa gefið stefnanda fyrirskipanir um það, hvenær hann ætti að mæta til vinnu, en stefnanda hafi verið vel um það kunnugt, hvenær vaktirnar hófust. Vitnið segir, að á tímabili hafi vitnið og stefnandi staðið sitt hvora vaktina. Vitnið segir, að stefnandi hafi mætt á réttum tíma á síðdegisvaktina. Á meðan vitnið gegndi störfum yfirmatsveinsins, þá hafi það komið fyrir, að stefnandi mætti ekki á réttum tíma á morgunvaktina. Minnst vitnið þess, að það fékk símahringingu frá veitingahúsinu einn morguninn um klukkan 0930, og var vitninu tjáð, að stefnandi, sem átti að vinna morgunvaktina, væri ekki mættur. Kveðst vitnið hafa farið í veitingahúsið. Hafi stefnandi þá ekki verið kominn, en kom rétt á eftir. Vitnið segir, að stefnandi hafi komið of seint á morgunvaktina í önnur skipti en þetta á því tímabili, sem vitnið gegndi störfum yfirmatsveinsins, en það hafi verið sjaldan. Kveðst vitnið annað hvort hafa fengið upplýsingar um það hjá þjóninum, sem átti að mæta klukkan 0900, eða starfsstúlkum, sem mættu klukkan 0800, eða skrifstofustjóranum. Vitnið kveðst ekki minnst þess, að stefnandi hafi beðið það um að standa vakt fyrir vitnið. Vitnið segir, að sem matreiðslubyrjandi hafi stefnandi staðið sig ágætlega, enda hafi hann verið búinn að fá nokkra undirstöðu í faginu. Hafi hann verið búinn að vera tvo vetur í Matsveinaskólanum. Kveðst vitnið hafa verið í skólanum annan veturinn, sem stefnandi var þar. Vitnið segir, að það hafi komið

þó nokkrum sinnum fyrir, að stefnandi hafi komið „þunnur“ til vinnu sinnar á morgnana. Vitnið kveðst ekki hafa séð stefnanda neyta áfengis í vinnutíma og vera ölvaðan við vinnu. Vitnið segir, að vel geti verið, að það hafi látið þau orð falla, að stefnandi þyrfti ekki að koma til vinnu fyrr en klukkan 0900. Segir vitnið, að eldavélin sé ekki orðin vel heit fyrr en um það leyti, þó að kveikt sé á henni klukkan 0800.

Stefndi hefur lagt fram í málinu kvittun stefnanda, sem dagsett er 4. júní 1960, fyrir „laun í maí“, kr. 560.00, dómsskjal nr. 6. Þá hefur stefnandi lagt fram launalista veitingahússins fyrir mánuðina júlí, ágúst og september 1960. Launalistarnir eru skráðir á fjölrituð form, sem skipt er í sjö dálka. Sex fyrstu dálkarnir bera eftirfarandi yfirskrift: Nafn — Laun — Eftirv. — Sparim. — Skatt. — Samt. Síðasti dálkurinn ber enga yfirskrift, en þar er gert ráð fyrir, að viðkomandi launþegi riti nafn sitt til viðurkenningar á greiðslu launa.

Á júlílistanum eru gerðar svofelldar innfærslur viðvirkjandi stefnanda:

Nafn	Laun	Eftirv.	Sparim.	Skatt.
Hörður Hjörleifsson	2.000.00		120.00	
Sami, júní	2.000.00		120.00	
Samt.				
2.000.00	} Hörður Hjörleifsson sign.			
2.000.00				

Á ágústlistanum eru færslurnar þannig:

Nafn	Laun	Eftirv.	Sparim.	Skatt.
Hörður Hjörleifsson	2.000.00	240.00	134.00	
Samt.				
2.240.00	Hörður Hjörleifsson sign.			

Á listanum fyrir septembarmánuð eru færslurnar þannig:

Nafn	Laun	Eftirv.	Sparim.	Skatt.
	Orlof 521.00		31.00	
Hörður Hjörleifsson	2.690.00		161.00	
Samt.				
521.00	} Hörður Hjörleifsson sign.			
2.690.00				

Kröfugerð stefnanda er á því byggð, að stefnandi hafi ekki móttekið sparimerkjagreiðslurnar, kr. 120.00 fyrir júní og júlí, kr. 134.00 fyrir ágúst og kr. 31.00 og kr. 161.00, sem tilfærðar eru á septemberlistanum.

Þá er því einnig mótmælt, að stefnandi hafi fengið greiddar kr. 521, sem tilgreindar eru á septemberlistanum.

Stefnandi hefur lýst því fyrir dómi 9. marz 1966, að hann hafi ekki farið í orlof á þeim tíma, sem hann var hjá stefnda, en minnir, að honum hafi verið greitt orlofsfé, en man ekki hvenær. Hann minnir, að hann hafi fengið orlofspeninga greidda einhvern tíma á miðju tímabilinu, en kveðst hvorki muna, hve há fjárhæðin var né hvenær greidd. Stefnandi kveðst ekki kannast við greiðsluna kr. 521.00, en kveðst ekki muna, hvaða tölur stóðu á listanum, þegar hann kvittaði fyrir þessari greiðslu.

Í greinargerð var af hálfu stefnda krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda. Var sýknukrafan byggð á því, að stefnandi hefði ekki sýnt þá ástundunarsemi og reglusemi, sem krefjast verði af námsmönnum. Stefnandi hafi mætt seint og illa til vinnu og þá oft illa fyrirkallaður vegna undanfarandi áfengisneyzlu og jafnvel mætt ölvaður til vinnu. Hann hafi ekki bætt ráð sitt þrátt fyrir ítrekaðar áminningar. Hefði veitingahúsinu því verið heimilt að slíta námssamningi, ef hann hefði verið kominn á. Stefnandi hafi fengið greidd venjuleg nemalaun á umræddu tímabili og eigi hann því engar frekari kröfur á hendur stefnda. Við hinn munnlega málflutning féll stefndi frá kröfu um sýknu, en krafðist lækkunar á kröfum stefnanda. Var lækkunarkrafan byggð í fyrsta lagi á því, að stefnandi reikni sér miklu fleiri vinnustundir en hann hafi unnið, og auk þess eigi hann ekki rétt á að fá greitt verkamannskaup samkvæmt taxta Dagsbrúnar, heldur eigi að miða við taxta ófaglærðs starfsfólks á veitingahúsum, en sá taxti sé lægri en taxti Dagsbrúnar. Þá hafi stefnandi neytt fulls fæðis, á meðan hann vann í veitingahúsinu, og fengið ókeypis þvott á vinnufötum. Eigi þessir liðir því einnig að dragast frá kaupkröfu stefnanda.

Stefnandi réðst til stefnda til iðnnáms. Stefndi vanrækti að gera við hann skriflegan námssamning, eins og skylt var samkvæmt 11. gr. laga nr. 46/1949 um iðnfræðslu. Þykir stefnandi því eiga rétt á að fá greitt kaup sem svarar til verkamannakaups, enda hefur stefndi ekki lagt fram gögn í málinu um kaup óiðnlærðra manna í veitingahúsum. Með tilliti til eðlis starfs þess, sem stefnandi innti af hendi, þykir ekki eiga að draga frá kaupinu andvirði fæðis þess, er stefnandi neytti, enda hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi aðeins borðað í veitingahúsinu þann tíma dagsins, sem hann var þar við störf, og hefur þeirri staðhæfingu hans ekki verið hnekkt.

Það er föst venja, að veitingahús annist þvott á vinnufötum matreiðslufólks, og er því heldur eigi ástæða til að lækka kaupkröfur stefnanda að því leyti.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi unnið aðeins eina viku af maímánuði 1960 hjá stefnda. Telur stefndi, að kvittunin kr. 560.00 bendi eindregið í þá átt. Mánaðarkaupið hafi verið kr. 2.000.00 og vikukaupið því kr. 500.00 og kr. 60.00 hafi verið eftirvinnukaup.

Af úttektarseðlum stefnanda hjá stefnda, sem lagðir hafa verið fram dómnum til sýnis, sést, að fyrsta úttekt stefnanda hjá stefnda hefur farið fram þann 21. maí 1960. Bendir það til þess, að stefnandi hafi að minnsta kosti byrjað störf þann dag. Þrátt fyrir kvittunina fyrir málaununum þykir stefndi, eins og málflutningi aðilja er háttað, ekki hafa hnekkt þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi byrjað vinnuna 15. maí 1960, og verður því við það miðað.

Stefndi hefur mótmælt vinnustundalista þeim, sem stefnandi lagði fram 17. febrúar 1966, sem alröngum. Er því algerlega mótmælt af stefnda, að stefnandi hafi innt af hendi nokkra yfirvinnu umfram það, sem um ræðir á vinnulistanum, frá því í ágúst 1960, dskj. nr. 8, en þar séu reiknaðar kr. 240.00 í eftirvinnu, sem séu 12 tímar á kr. 20.00 pr. klukkustund, og þrjá tíma í maímánuði, sbr. það, sem áður er rakið.

Skýrslur þær, sem raktar hafa verið hér að framan um vinnutíma matreiðslumanna, virðast nokkuð á reiki. Af þeim má þó helzt ráða, að stefnandi hafi mætt á morgunvakt og á svokallaða dagvakt klukkan 0900, en á síðdegisvaktina klukkan 1400. Vitnið Einar Friðfinnsson kveðst ávallt hafa hætt störfum í veitingahúsinu klukkan 2300 hvern dag, þegar það var á síðdegisvaktinni. Stefndi hefur haldið því fram, að vinnu á morgunvaktinni hafi lokið um 1430. Þá hefur stefndi haldið því fram, að vinnan á morgunvöktunum hafi ekki náð 8 klukkustundum og hafi hinn aukni vinnutími á síðdegisvöktum átt að jafna upp hinar stuttu morgunvaktir. Hafi stefnandi því alls ekki unnið meira en 16 klukkustundir til jafnaðar á morgunvakt og síðdegisvakt til samans, en föst venja hafi verið að jafna vinnunni til á þennan hátt.

Þegar það er virt, að stefnandi, sem hafði árum saman unnið störf í annarra þágu og ávallt skráð vinnustundir sínar reglulega að eigin sögn, að hann kvittaði fyrirvaralaust fyrir greiðslum launa, sbr. dómsskjöl nr. 6—9, að stefnandi kveðst sjálfur hafa eyðilaggt frumrit þeirra gagna, sem hann kveðst sjálfur hafa

skráð vinnustundir sínar í, að vitnið Einar Friðfinnsson kveðst ávallt hafa hætt vinnu klukkan 2300 hvert kvöld, sem það vann á síðdegisvakt, og að stefnandi hefur hér fyrir dómi ekki gert næga grein fyrir yfirvinnutímunum þrátt fyrir gefin tilefni, þá þykir stefnandi gegn mótmælum stefnda ekki hafa sannað, að hann hafi unnið yfirvinnu meir en 15 klukkustundir samtals á nefndu tímabili, og þykir, eins og málum er háttað, verða að telja, að þar hafi verið um eftirvinnu að ræða.

Stefndi hefur eindregið haldið því fram, að stefnandi hafi jafnan fengið einn frídag fyrir hverja viku, eins og venja sé, að matreiðslumenn fái í veitingahúsinu. Með skírskotun til þess, sem fyrr er rakið, þykir stefnandi ekki hafa gert sennilegt, að hann hafi ekki fengið nefnda frídaga. Verður því lagt til grundvallar í málinu, að stefnandi hafi unnið í 20 vikur og 2 daga, það er frá 15. maí 1960 til og með 3. október s. á., 48 klukkustundir á viku, eða samtals 976 klukkustundir í dagvinnu og 15 klukkustundir í eftirvinnu. Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandi hafi hvorki unnið hvítasunnudag 5. júní né þjóðhátiðardaginn 17. júní, og beri því að lækka vinnustundafjöldann um 16 klukkustundir að því leyti. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, hvort unnið var þessa daga. Eru því ekki efni til að taka þessa kröfu stefnda til greina. Vinnulaun stefnanda reiknast þá þannig:

976 dagvinnutímar á kr. 20.67 kr. 20.173.92

15 eftirvinnutímar á kr. 31.01 — 465.15

Kr. 20.639.07

Við það ber að bæta 6% orlofi . . . — 1.238.34

Samtals kr. 21.877.41

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa tekið á móti samtals kr. 9.490.00 úr hendi stefnda. Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi fengið greiddar samtals kr. 10.577.00. Því er áður lýst, hvaða fjárhæðir stefnandi viðurkennir ekki að hafa tekið á móti, sbr. vinnulistana dómsskjöl nr. 6—9.

Þegar síðastgreindir vinnulistar eru athugaðir, er ljóst, að uppsetning þeirra og færslur eru ekki glöggar. En þegar það er virt, að stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi fengið greitt

orlofsfé á tímabilinu, þá þykir þrátt fyrir andmæli stefnanda rétt að leggja þá til grundvallar um greiðslur til stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 11.300.41 (21.877.41 ÷ 10.577.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.500.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Friðriki Ragnari Gíslasyni yfirmatreiðslumanni og Sveini Símonarsyni matreiðslumeistara.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði stefnanda, Herði Hjörleifssyni, kr. 11.300.41 með 10% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúar 1968.

Nr. 92/1967. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Snorra Ólafssyni og gagnsök
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slökkvibifreið. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1967, að fegnu áfrýjunarleyfi 17. maí s. á.